

1013. Stjórnarfundur VR

Haldinn mánudaginn 5. janúar 2009 kl. 18:15 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Gunnar Páll Pálsson, Stefanía Magnúsdóttir, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Eyrún Ingvaldsdóttir, Gunnar Böðvarsson, Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir, Jón Hrafn Guðjónsson, Jón Magnússon, Lykke Bjerre Larsen, Margrét Sverrisdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Valur M. Valtýsson, Steinar J. Kristjánsson, Þorlákur Jóhannsson og Árni Leósson sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Staða mála.

Gunnar Páll ræddi um það að framboðsmál hefðu lent í óheppilegum farvegi. Hugsanlegt er að misvísandi upplýsingar hafi verið gefnar eða a.m.k. væri ágreiningur um hve góðar upplýsingar hefðu verið veittar. Því hefði framboðsfrestur verið lengdur um viku og væntanleg einhver framboð. Rætt var um nauðsyn þess að svara rangfærslum um VR sem komið hefðu fram í fjölmiðlum.

2. Þróun VR síðustu ár

Gunnar Páll lagði fram skjalið „*Þróun VR á seinni árum*“ dags. 05.01 2009, og fór yfir það. Í skjalinu hefur verið tekið saman í stuttu máli atriði er varða m.a. þróun fjölda félagsmanna, rekstur, þjónusta, kjaramál og samskipti við félagsmenn. Helstu vörðurnar eru gríðarleg fjölgun félagsmanna enda er VR orðið lang stærsta stéttarfélag landsins, lækkun félagsgjalds, VR varasjóður, markaðslaun og hvernig kaupmáttur VR félaga hefur aukist um 46% að meðaltali á síðustu 10 árum auk lækkunar launamunar kynja.

3. Kjör forystu VR

Gunnar Páll fór yfir tímaröð skipulags kosninga ef það yrði allsherjaratkvæðagreiðsla. Væntanlega yrði Nýársfundurinn haldinn 27. janúar og spurning hvort ætti að hafa framboðsfund þann 18. febrúar. Þar sem svona kosning er tímafrek, og margs að gæta, er mögulegt að kosningu ljúki ekki fyrr en fyrripart marsmánaðar. Kjörstjórn ákveður þetta þó meira og minna en nauðsynlegt er að gæta þess að gera öllum jafnhátt undir höfði.

4. Hvað getur VR gert til að styðja við félagsmenn?

Gunnar Páll lagði fram og fór yfir skjalið „*Aðgerðir í efnahagskreppu*“, dags. 21.12 2008. Þarna eru dregnar saman hugmyndir um hvað VR getur gert fyrir sitt fólk, m.a. samstarf við HR, afsláttarkjör í líkamsrækt, 75% styrkur úr starfsmenntasjóði til atvinnulausra, málefnaþópar, félagsstarf, örlán og vef/handbók.